

Mál nr. 21,22/2012

Ár 2013, þriðjudaginn 15. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir voru tekin mál nr. 21 og 22/2012

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindum kæranda (HRFÍ) sem bárust siðanefnd 18. desember 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann Y, við tíkina Z, og við tíkina V án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð við pörun. Kærurnar voru sendar kærðu til umsagnar með bréfum dagsettum 19. desember og henni gefinn andmælafræstur til 16. janúar 2013. Svar barst frá kærðu með tölvupósti dags. 27. janúar, sem siðanefnd móttók á fundi sínum 28. janúar. Afrit af svari kærðu var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og þar eð fyrir lá að kæruefnið væri verulegt þá var ákveðið að boða til sáttafundar með málsaðilum og var kærðu sent bréf með ábyrgðarpósti dags. 6. maí þar sem hún var boðuð á sáttafund 21. maí. Kærða býr utan höfuðborgarsvæðisins og var henni því boðið að halda sáttafundinn gegnum fjarfundabúnað. Kærða sinnti ekki boði um sáttafund um fjarfundabúnað og mætti ekki heldur á fundinn. Siðanefnd ákvað því að hafa samband við kærðu símleiðis og bjóða henni fund um fjarfundabúnað sem hún þáði. Á fundinum var farið yfir málið og komu málsaðilar fram með sín sjónarmið. Ekki náðust sættir á fundinum og ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 4. janúar 2012 var rakkinn Y paraður við tíkina Z og samkvæmt pörunarvottorði dagsettu 5. janúar var hann einnig paraður við tíkina V. Við þessar paranir var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af tegundinni Papillon og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pörununum hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Með kærnum fylgdu pörunarvottorð þar sem fram kemur að rakkinn fékk gilt augnvottorð 21.11.2010 og aftur 2.6.2012. Kærða svaraði því til að eigendur að hundinum væru þrír en hún ein skráður eigandi í ættbók HRFÍ. Ætlunin hefði verið að allir eigendur rakkans myndu mæta á sáttafund HRFÍ en því miður varð raunin sú að fundurinn gleymdist og því var hún ein til svara á sáttafundinum. Kærða tjáði siðanefnd það að þetta hefði verið óviljaverk og misskilningur milli eigenda rakkans því að enginn þessara þriggja eigenda hefði gætt að því að augnvottorð rakkans væri útrunnið.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Papillon :

„Augnvottorð: vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.99). Hundar sem greinast með PRA fara í ræktunarbann. Hundur sem eiganst hafa afkvæmi með PRA fara í ræktunarbann (ræktunarbann á foreldra PRA hundsins). Hundar sem eru afkvæmi hunds með PRA fara í ræktunarbann (afkvæmi PRA hundsins fara í ræktunarbann). Alsystkini hunds sem greinist með PRA fara í ræktunarbann, hálsystkini eru leyfð í ræktun. (Skv. beiðni stjórnar Papillon&Phalenedeildar). (Gildir frá 01.09.2012)”

Í málinu liggur fyrir að við paranirnar var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Papillon skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur borið því við að pörunin hafi verið óviljaverk og misskilningur milli hennar og sameigenda hennar með rakknum hafi valdið því að ekki hafi verið fylgst nógu vel með því að augnvottorð rakkans hafi verið í fullu gildi. Þrátt fyrir að kærða sé ein þriggja eigenda rakkans þá er það hún sem er skráður eigandi rakkans í ættbók HRFÍ og því ábyrg fyrir því að heilsufarsvottorð sé í lagi við pörun. Þá liggur það fyrir að kærða hefur tvívegis áður gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í fyrra sinn hafði hvorki tík né rakk í hennar eigu gild augnvottorð við pörun og í annað sinn var hvíldartími tíkar milli gota ekki virtur. Kærða hefur af þessum sökum ítrekað sætt áminningu siðanefndar og í þetta sinn liggja fyrir tvær kærur vegna vöntunar á augnvottorði. Þó að kærða hafi í öllum tilvikum eitthvað til síns máls og ýmis atvik hafi orðið þess valdandi að reglur voru brotnar, þá lítur siðanefnd svo á að ábyrgur ræktandi innan HRFÍ verði að vanda betur til verka og gæta betur að sér. Reglurnar kveða á um að ræktendur skuli vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundategund og vera trúir ræktunarstefnu félagsins. Kærða sætir því áminningu í þriðja sinn og skal hún jafnframt sæta útilokun frá starfi HRFÍ almennt í 12 mánuði, þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

### IV. Niðurstaða

Kærða X telst í báðum tilvikum hafa brotið gegn grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða X sætir áminningu í þriðja sinn, útilokun frá starfi í HRFÍ í 12, mánuði þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

Úrskurðurinn gildir frá og með dagsetningu úrskurðarins að telja en að þeim tíma liðnum er kærða fullgildur félagsmaður á ný komi ekki til frekari ágreinings við HRFÍ

f.h siðanefndar

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir